

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlapings - 91 (21.8.2023) - Aðalskipulagsbreyting, Djúpvogur, athafna- og hafnarsvæði, fráveita, íbúaðasvæði, gönguleið og ferðamannabryggja

Málsnúmer : 202111135
Málsaðili : HEF veitur ehf.
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 21.08.2023

Inngangur : Auglýsingu tillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 lauk 27. júlí síðast liðinn. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands auk þess sem Búlandstindur ehf. sendi inn athugasemd.

Niðurstaða : Auglýsingu tillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 lauk 27. júlí síðast liðinn. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands auk þess sem Búlandstindur ehf. sendi inn athugasemd.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Ráðið fór yfir umsagnirnar og samþykkir að gerðar verði lagfæringar á orðalagi í samræmi við umsögn MÍ og kaflanum um umhverfismat áætlunar í samræmi við ábendingar sem fram koma í umsögn NÍ. Í umsögn Búlandstinds er að meginefni fjallað um framtíðaráform sem eru ekki viðfangsefni þessarar tillögu og samþykkir ráðið að vísa umsögninni til frekari úrvinnslu við gerð skipulagsbreytingar sem unnið er að varðandi stækkun hafnar- og athafnasvæðis við Innri Gleðivík. Málinu er vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.